


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	SKYN2EÁ01 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: ASR		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Anna Sigrún Rafnsdóttir	Sk.st.	12 kest.
----------------	-------------------------	---------------	----------

Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bóklegr og verkleg. Farið er í mismunandi gerðir blæðinga, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálpar við bruna. Helstu höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er yfir helstu bráðasjúkdóma og meðferð við þeim. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað. Skyndihjálparappið kynnt fyrir nemendum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- hugmyndafræði skyndihjálpar
- hvernig mat á slösuðum einstaklingi á slysstað er framkvæmt
- framkvæmd endurlífgunar
- blæðingum og viðbrögðum við lostástandi
- helstu tegundum sára, umbúða og sárabinda
- helstu tegundum brunasára og skyndihjálpar vegna brunasára
- helstu áverkum á líkama
- fyrstu viðbrögðum við kali, ofkælingu og ofhitnun
- fyrstu viðbrögðum vegna bráðra sjúkdóma, eitrona, bits eða stungna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bregðast við dauðadái
- framkvæma mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- flytja slasaðan einstakling af slysstað á öruggan hátt
- framkvæma blástursmeðferð og hjartahnoð
- búa um sár og velja umbúðir við hæfi
- stöðva blæðingu og búa um blæðandi sár
- beita viðeigandi meðferð við losti
- spelka útlími eftir áverka/tognanir
- veita fyrstu hjálpar vegna brunasára
- veita fyrstu hjálpar vegna kals, ofkælingar og ofhitnunar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta aðstæður á slysstað og bregðast við þeim á viðeigandi hátt
- veita skyndihjálpar vegna bráðra sjúkdóma, dauðadás, slysa og/eða líkamlegra áverka

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	SKYN2EÁ01 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: ASR		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Kennt er þrjá daga í röð. Aðstoðarkennari kemur og kennir með í verklega hlutanum.

Dagur 1. - Kynning á starfsemi RKÍ, farið yfir kennsluáætlun. Viðbrögð á slysstað, sálræn skyndihjálpar. Grundvallaratriði skyndihjálpar. Endurlífgun bókleg og verkleg að hluta til.


Dagur 2. - Sár, brunasár, blæðingar og meðferð við þeim. Hvernig búa á um sár. Kal, ofkæling, heilsufarsvandi af völdum hita. bráð veikindi, áverkar á líkama og viðbrögð við þeim.


Dagur 3. - Endurlífgun verkleg.

Námsgögn: Skyndihjálpar og endurlífgun 2012, skyndihjálparappið (símar nemenda), myndbönd frá RKÍ, breska rauða krossinum og af Youtube sem tengjast efni kennslunnar.

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Próf	Krossapróf með 10 spurningum er lagt fyrir í lok námskeiðsins.	60 %	
Verklegt	Verklegar æfingar eru fléttaðar inn í kennsluna og gerðar eru kröfur á nemendur taki þátt í þeim. - Skoðun á veikum/slösuðum einstaklingi: 5%, - endurlífgun og læst hliðarlega: 5%, - endurlífgun á dúkkum: 10%, - búa um beinbrot og sár: 10%, - ofkæling: 5%, - bera fólk af slysstað: 5%	40%	
Annað: Nemandi þarf að ná einkunninni 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundir			

Dagsetning: 20/9 '19


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils